



Reykjavík, 19. ágúst 2025
MSS25060110

Tillögur vegna aðalfundur Þjóðarleikvangs ehf.

Boðað hefur verið til aðalfundur Þjóðarleikvangs ehf. í samræmi við 14 gr. samþykktar félagsins, mánudaginn 25. ágúst 2025 kl. 14.15 í Ráðhúsi.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Þjóðarleikvangs ehf.:

Dagskrárliður a. - Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Dagskrárliður b. - Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.

Dagskrárliður c. - Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Dagskrárliður d. - Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.

Dagskrárliður e. - Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Dagskrárliður f. - Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Lagt er til að dagskrárliður b. verði samþykktur. Lagt er til varðandi dagskrárlið c. að fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Þjóðarleikvangs verði Helga Friðriksdóttir (formaður) og Hörður Hilmarsson (meðstjórnandi). Þá verði Halldóra Káradóttir varamaður í stjórn. Þá er lagt til varðandi dagskrárlið c. að tillaga stjórnar um að Grant Thornton endurskoðunarþjónusta ehf. verði endurskoðendur félagsins verði samþykkt.

Lagt er til varðandi dagskrárlið d. að tillaga stjórnar um hvernig fara skal með hagnað eða tap, þ.e. að tap ársins 2024 færist til lækkunar á eigin fé félagsins og að ekki verði greiddur út arður til hluthafa, verði samþykkt. Varðandi dagskrárlið e. að þá er lagt til að tillaga stjórnar um stjórnarlaun verði óbreytt, verði samþykkt. Varðandi dagskrárlið f. að þá liggur fyrir tillaga um að ræða næstu verkefni og hlutverk félagsins.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Þjóðarleikvangs ehf. sem haldinn verður 25. ágúst 2025.



Reykjavík



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Fundargögn vegna aðalfundar Þjóðarleikvangs ehf.



Reykjavík

Þjóðarleikvangur ehf.

18.8.2025

Tillögur til aðalfundar 2025

1. Skýrsla stjórnar um hag og rekstur félagsins á liðnu starfsári lögð fram (liður nr. a í dagskrá).
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt áliti endurskoðenda lagður fram til samþykktar (liður nr. b. í dagskrá)
3. Kjör stjórnar og endurskoðenda félagsins (liður nr. c í dagskrá). – Lagt er til að endurskoðendur verði Grant Thornton endurskoðunarþjónusta ehf.
4. Lagt er til að aðalfundur félagsins samþykki að tap ársins 2024 færist til lækkunar á eigin fé félagsins og að ekki verði greiddur út arður til hluthafa (liður nr. d í dagskrá).
5. Lagt er til að stjórnarlaun vegna ársins 2025 verði óbreytt (liður e. í dagskrá).
6. Önnur mál (liður nr. f í dagskrá). **Umræður um næstu verkefni og hlutverk félagsins**

From: Helga Friðriksdóttir <Helga.Fridriksdottir@reykjavik.is>
Sent on: Monday, August 11, 2025 1:46:31 PM
To: fjr@fjr.is; mrn@mrn.is; Þorsteinn Gunnarsson <Thorsteinn.Gunnarsson@reykjavik.is>; KSÍ - Þorvaldur Örlygsson <orlygsson@ksi.is>
CC: Steinunn Sigvaldadóttir <steinunn.sigvaldadottir@fjr.is>; gudbjorg.ingunn.magnusdottir@mrn.is; Hörður Hilmarsson <hordur.hilmarsson@reykjavik.is>; Hrafn Hlynsson <hrafh.hlynsson@fjr.is>; Ingi Sigurðsson <ingisig@eyjar.is>; Óskar Þór Ármannsson <oskar.thor.armannsson@mrn.is>; Áslaug Magnúsdóttir <aslaug.magnusdottir@mrn.is>; KSÍ - Eysteinn Pétur Lárusson <eystein@ksi.is>
Subject: Boðun á aðalfund Þjóðarleikvangs ehf.
Attachments: Samþykktir Þjóðarleikvangs ehf. eftir hækkun hlutafjár dags. 25. maí 2021_undirritað.pdf (286.36 KB)

Ágætu eigendur Þjóðarleikvangs ehf.

Hér með er boðað til aðalfundar Þjóðarleikvangs ehf. sem haldinn verður mánudaginn 25. ágúst 2025 kl. 14:15 í Ráðhúsinu, fundarherberginu Tjarnarbúð á 3. hæð.

Fundarefni er hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. 14. gr. meðfylgjandi samþykktu félagsins og er hún eftirfarandi:

- Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
- Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
- Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.
- Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts.

Óskað er eftir því að undirrituð umboð eigenda til fulltrúa sinna á fundinum verði send undirritaðri í tæka tíð fyrir fundinn.

Fundarboð verður jafnframt sent í gegnum dagbók.

F.h. stjórnar Þjóðarleikvangs ehf.,
Helga Friðriksdóttir

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Skýrsla stjórnar Þjóðaleikvangsins ehf.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn var 11. október 2024.

- Formaður: Helga Friðriksdóttir.
- Meðstjórnendur: Áslaug Magnúsdóttir, Hörður Hilmarsson, Hrafn Hlynsson, Ingi Sigurðsson.
- Varamenn: Þorvaldur Örlygsson, Óskar Þór Ármannsson og Halldóra Káradóttir

Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að leggja fram fjárhagsáætlun til næstu 5 ára. Sú áætlun er fyrst og fremst sá grunnur sem þarf til að standa undir stjórnun félagsins og almennri umsýslu. Í kjölfarið á því var gerður þjónustusamningur við eigendur til að tryggja fjármögnun félagsins fyrir árin 2024 og 2025 í samræmi við samþykktu áætlun. Hrafn Hlynsson var skipaður ritari stjórnar. Óskar Þór Ármannsson tók sæti í stjórn um áramótin 2024/2025 sem varamaður Áslaugar.

Helstu verkefni stjórnar hafa verið að fylgja eftir framvindu við framkvæmdir á Laugardalsvellingum, en hafist var handa við að skipta um gras og hliðra til vellinum síðla árs 2024. Nýr leikvöllur var formlega vígður 3. Júní 2025.

Ný stjórn fékk einnig kynningu á markaðskönnun (e. request of information), sem unnin var að beiðni fyrri stjórnar og hafði verið kynnt fyrir eigendum. Rætt um að hlutverk félagsins hefði þróast frá því að byggja nýjan þjóðarleikvang frá grunni í það að endurbæta núverandi Laugardalsvöll þannig að hann uppfylli kröfur sem gerðar eru um viðurkennda viðburði í alþjóðakeppnum í knattspyrnu. Þannig fái hann formlega stöðu þjóðarleikvangs í knattspyrnu.

Tap var á rekstri félagsins 2024. Rekstrartapið var tilkomið vegna ógreiddra launa til fráfarandi stjórnarmanna, ógreiddra reikninga vegna umsýslukostnaðar tengt bókhaldi, fjárreiðum og endurskoðun. Þegar gengið var frá þjónustusamning við félagið voru skuldir greiddar og rekstrarhæfi félagsins er tryggt út árið 2025.

Næstu verkefni félagsins er að kynna fyrir eigendum raunhæfa framtíðaruppbyggingu vegna heildstæðrar endurnýjunar á mannvirkjum Laugardalsvallar í samræmi við viljayfirlýsingu um uppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal sem undirrituð var í september 2024. Áformað er af hálfu stjórnar að leggja fram tillögu varðandi forgangsöröðun og fjármögnun verkefnisins ásamt fyrirkomulagi á eignarhaldi og rekstrarformi á þjóðarleikvanginum. Einnig er viðbúið þegar ákvarðanir hafa verið teknar af eigendum félagsins varðandi framangreindar tillögur að endurskoða þurfi samþykktir fyrir Þjóðarleikvang ehf. með hliðsjón af áherslubreyingum í viljayfirlýsingu þar sem horft verði til endurbóta á mannvirkjum í áföngum samkvæmt nánara samkomulagi.

Samþykkt fyrir Þjóðarleikvang ehf.

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Þjóðarleikvangur ehf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að starfa að undirbúningi að byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal í stað Laugardalsvallar. Félagið skal standa að útboði á þarfagreiningu vegna verkefnisins, leggja til verkefnaskipulag við undirbúning og framkvæmd verkefnisins, sjá um gerð kostnaðaráætlana og útboðsgagna vegna verkefnisins, ásamt annarri skyldri starfsemi.

Félaginu er ekki ætlað að skila hluthöfum arði. Hluthöfum er óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu. Við slit félagsins skal eignum þess, ef einhverjar eru, varið til almannaheilla.

Félaginu er heimild að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 11.764.706 -krónur ellefumilljónirsjöhundruðsextíuogfjögurþúsundsjöhundruðogsex. Hver **hlutur** er að fjárhæð kr. 1 -króna að nafnverði.

5. gr.

Heimilt er að **hækka hlutfé** félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið **lækkun hlutafjár**.

Sé hluthafi einn getur hann að lagaskilyrðum fullnægðum skráð hækkun eða lækkun hlutafjár í gerðabók.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda **hlutaskrá** samkvæmt lögum. Hlutir skulu tölusettir og hljóða á nafn hluthafa.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega eða þau hafa verið færð í gerðabók einkahlutafélags eins aðila.

Stjórn félagsins hefur **forkaupsrétt** fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem

dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna **erfða** eða **búskipta** lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Óheimilt er að **veðsetja** eða **gefa** hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

8. gr.

Félagið má eigi veita **lán** út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa **eigin hluti** að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafi ber ekki **ábyrgð** á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda séu hluthafar fleiri en einn en ella í höndum hluthafans, sbr. lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 (ehfl.).

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Sé hluthafi einn þarf ekki að halda aðalfund heldur skal hluthafinn taka viðeigandi ákvarðanir skv. 59. gr. ehfl. og skrá þær í gerðabók skv. 55. gr. ehfl.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða yfir a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um einkahlutafélög.

Sé hluthafi einn tekur hann afstöðu til mála, sem almennt er fjallað um á aukafundum, og skráir ákvarðanir í gerðabók.

12. gr.

Félagsstjórn skal **boða** til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er **lögmætur** ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar

innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutfjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur skal kjósa fundarstjóra og fundarritara.

13. gr.

Eitt **atkvæði** fylgir hverri 1 krónu í hlutfé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður **afl atkvæða** nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. **Samþykki allra** hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.
- d. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.

Tillögur um **breytingar á samþykktum** félagsins eða um **sameiningu** þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á **aðalfundi** skulu tekin fyrir þessi mál:

- a. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
- c. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
- d. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.
- e. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- f. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Verði hluthafi einn skal hann taka ákvarðanir skv. 59. gr. ehfl.

15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Sé hluthafi einn skráir hann ákvarðanir í gerðabók.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og þeir kjörnir á aðalfundi á hvert. Skal Reykjavíkurborg tilnefna tvo stjórnarmenn til kjörs. Þá skal Íslenska ríkið tilnefna tvo stjórnarmenn til kjörs og Knattspyrnusamband Íslands tilnefna einn til kjörs. Annar þeirra stjórnarmanna er Reykjavíkurborg hefur tilnefnt skal vera stjórnarformaður félagsins. Varamenn skulu vera þrír og skal einn tilnefndur af Íslenska ríkinu, einn af Reykjavíkurborg og einn af Knattspyrnusambandi Íslands og þeir kjörnir á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Í fjölskipaðri stjórn skuldbinda **undirskriftir** meirihluta stjórnar félagið en í eins manns stjórn undirskrift stjórnarmannsins.

Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Ef stjórn félagsins er aðeins skipuð einum manni og framkvæmdastjóri er í félaginu skal stjórnarmaðurinn að jafnaði taka mikilvægar ákvarðanir í málefnum félagsins að höfðu samráði við framkvæmdastjórann, sé hann eigi sami maður, og skrá þær í gerðabók félagsins.

17. gr.

Sé stjórnin fjölskipuð **skiptir** hún sjálf **með sér verkum**. Formaður boðar til **stjórnarfunda**. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér **starfsreglur** þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður **framkvæmdastjóra** og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Skipi einn maður stjórnina getur hann jafnframt verið framkvæmdastjóri, sbr. 41. gr. ehfl.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa **einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn**. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Hagnaði félagsins og hlutdeild félagsins í hagnaði dótturfélaga og/eða hlutdeildarfélaga skal aðeins ráðstafað til eflingar starfseminnar í samræmi við hlutverk félagsins.

Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður úr félaginu.

22. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

23. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 68. gr. ehfl.

Sé hluthafi einn getur hann breytt samþykktum þessum með skráningu ákvörðunar í gerðabók, sbr. 55. og 59. gr. ehfl.

24. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

25. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt í Reykjavík, hinn 25. maí 2021.



Þjóðarleikvangur ehf.

Ársreikningur 2024

Þjóðarleikvangur ehf.
kt: 620819-0500
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Þjóðarleikvangur ehf.

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Þjóðarleikvangs ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tap var af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 10.951 þús.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2024 námu eignir 514,7 þús. kr., skuldir námu 9.491 þús. kr. og eigið fé var neikvætt um 8.976 þús. kr.

Félagið var stofnað á sumarmánuðum árið 2019 í þeim tilgangi að starfa að undirbúningi að byggingu Þjóðarleikvangs í Laugardal í stað Laugardalsvallar.

Ný stjórn var skipuð formlega á aðalfundi félagsins sem haldinn var 11. október 2024. Eitt að fyrstu verkefnum var að leggja fram fjárhagsáætlun til næstu 5 ára. Sú áætlun er fyrst og fremst sá grunnur sem þarf til að standa undir stjórn félagsins og almennri umsýslu. Í kjölfarið á því var gerður þjónustusamningur við eigendur til að tryggja fjármögnun félagsins fyrir árin 2024 og 2025 í samræmi við áætlun. Rekstrarhæfi félagsins er þannig tryggt út árið 2025.

Helstu verkefni stjórnar hafa verið að fylgja eftir framvindu við framkvæmdir á vellinum, en hafist var handa við að skipta um gras og hliðra til vellinum síðla árs 2024. Ný stjórn fékk einnig kynningu á markaðskönnun (e. request of information), sem unnin var að beiðni fyrri stjórnar og hafði verið kynnt fyrir eigendum. Sú skýrsla nýtist mögulega á síðari stigum þegar fjallað verður um framtíðaruppbyggingu vallarins.

Helstu verkefni sem eru fyrirbyggjandi er að kynna fyrir eigendum áfangaskipta framtíðaráætlun hvað varðar heilstæða endurnýjun á vellinum. Einnig er viðbúið þegar ákvarðanir hafa verið teknar af eigendum félagsins varðandi framtíðaruppbyggingu vallarins og fjármögnun að gera þurfi breytingar á samþykktum félagsins til samræmis við þá framtíðarsýn.

Félaginu er ekki ætlað að skila hluthöfum arði. Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2024.

Samkvæmt ákvörðun stofnfundar félagsins 12. júní 2019, sem og í árslok, skiptist hlutafé félagsins þannig að Reykjavíkurborg á 50%, Ríkissjóður Íslands 42,5% og Knattspyrnusamband Íslands 7,5%.

Stjórn Þjóðarleikvangs ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík,

2025

Stjórn Þjóðarleikvangs ehf.

Til stjórnar og hluthafa félagsins Þjóðarleikvangur ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Þjóðarleikvangur ehf. (hér eftir félagið) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024 í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrgð fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félags. Ef við á skal stjórn setja fram viðeignadi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og við höfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða

að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 2025

Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur			
Aðrar sértekjur		0	0
Rekstrartekjur samtals		0	0
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	3	6.582.047	6.523.608
Aðkeypt sérfræðipjónusta		4.313.502	4.961.426
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		54.967	12.877
Rekstrargjöld samtals		10.950.516	11.497.911
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(10.950.516)	(11.497.911)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)		(368)	91.327
Fjármagnsliðir		(368)	91.327
Tekjuskattur	6	0	0
Rekstrarhagnaður (tap)		(10.950.884)	(11.406.584)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	Ársreikningur 31.12.2024	Ársreikningur 31.12.2023
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	1.627.741
Aðrar kröfur		413.118	204.860
Handbært fé	2	101.618	1.466.794
Veltufjármunir		514.736	3.299.395
Eignir samtals		514.736	3.299.395
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé	4		
Hlutfé		11.764.705	11.764.705
Óráðstafað eigið fé		(20.740.983)	(9.790.099)
Eigið fé		(8.976.278)	1.974.606
Skammtímaskuldir	5		
Skuldir við tengda aðila		2.939.859	179.800
Viðskiptaskuldir		512.742	853.701
Ýmsar skammtímaskuldir		6.038.413	291.288
Skammtímaskuldir		9.491.014	1.324.789
Skuldir og eigið fé samtals		514.736	3.299.395

Sjóðstreymisýfirlit 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (Tap) ársins		(10.950.884)	(11.406.584)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi :			
Reiknaður tekjuskattur		0	0
Veltufé frá (til) rekstrar		(10.950.884)	(11.406.584)
Skammtímakröfur, breyting		1.419.483	1.469.644
Skammtímaskuldir, breyting		5.406.166	(1.579.199)
Handbært fé til rekstrar		(4.125.235)	(11.516.139)
Reykjavíkurborg, viðskiptastaða		2.760.059	0
Fjármögnunarhreyfingar		2.760.059	0
Breyting á handbæru fé		(1.365.176)	(11.516.139)
Handbært fé í ársbyrjun		1.466.794	12.982.933
Handbært fé í árslok		101.618	1.466.794

Skýringar

1. Starfsemi

Þjóðarleikvangur ehf er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkafélög og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík. Félagið var stofnað 12. júní 2019 og er tilgangur þess að starfa að undirbúningi að byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal í stað Laugardalsvallar. Félagið skal standa að útboði á þarfagreiningu vegna verkefnisins, leggja til verkefnaskipulag við undirbúning og framkvæmd verkefnisins, ásamt annarri skyldri starfsemi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Þjóðarleikvangs ehf. er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurgreinast þannig:

	2024	2023
Laun stjórnarmanna	5.448.375	5.400.000
Launatengd gjöld	1.133.672	1.123.608
	6.582.047	6.523.608

Hjá Þjóðarleikvangi ehf. starfaði enginn starfsmaður á árinu 2024.

Skýringar framhald

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2024	11.764.705	(9.790.099)	1.974.606
Tap ársins		(10.950.884)	(10.950.884)
Eigið fé 31.12.2024	11.764.705	(20.740.983)	(8.976.278)
Staða 1.1.2023	11.764.705	1.616.485	13.381.190
Tap ársins		(11.406.584)	(11.406.584)
Eigið fé 31.12.2023	11.764.705	(9.790.099)	1.974.606

5. Skammtímaskuldir

Sammtímaskuldir eru einkum vegna ógreiddra stjórnarlauna og þjónustugjalda.

6. Tekjuskattur

Skattstofnar félagsins sem fram koma í ársreikningnum eru neikvæðir og kemur því ekki til greiðslu tekjuskatts á árinu 2025.